



VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Ákvörðun nr. 5/2014

Álagning dagsekta á Snögg ehf. vegna vanrækslu á að fara eftir fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins

I. Málavextir

Í reglubundinni skoðun eftirlitsmanns Vinnueftirlits ríkisins til Snögg ehf., kt. 581111-2310 að Stigahlíð 45-47, 105 Reykjavík þann 12. júlí 2012, var fyrirtækinu veitt eftirfarandi fyrirmæli:

- Að gera skyldi skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað.
- Að hafa fyrirliggjandi öryggisblöð í 16 liðum á íslensku fyrir varúðarmerkt efni.

Voru fyrirmælin gefin á grundvelli 21. gr. og 26. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum og 10. gr. reglugerðar nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum, með síðari breytingum. Í ofangreindri ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins kom fram að félagið skyldi tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um það þegar úrbótum væri lokið.

Fyrirmælin voru ítrekuð tvisvar sinnum með bréfum sem Vinnueftirlit ríkisins sendi Snögg ehf., dags. 29. janúar 2013 og 1. mars 2013. Þrátt fyrir þessar ítrekanir þá var ekki farið eftir þessum fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins.

Með bréfum dags. 23. apríl 2014, 18. júní 2014 og 12. ágúst 2014 var athygli vakin á rétti aðila skv. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 að tjá sig um efni máls áður en ákvörðun yrði tekin í því. Kom fram í bréfunum að Vinnueftirlit ríkisins væri að íhuga að leggja dagsektir á fyrirtækið þar sem það hafði ekki farið að ofangreindum fyrirmælum stofnunarinnar. Snögg ehf. var í öllum tilvikum veitt 14 daga frestur til að koma að andmælum áður en Vinnueftirlit ríkisins tæki ákvörðun um hvort leggja skyldi á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Engin svör bárust Vinnueftirlitinu.

II. Niðurstaða

Skv. 1. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum er það tilgangur laganna að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi. Skv. 75. gr. laga nr. 46/1980 er það hlutverk Vinnueftirlits ríkisins að hafa eftirlit með lögnum. Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum erum mörg almenn efnisákvæði er kveða á um hvernig vinnuumhverfi starfsmanna skuli háttað og í reglum og reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra eru ákvæði laganna nánar útfært.

Skv. 13. gr. laga nr. 46/1980 er það skylda atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Skv. 37. gr., 42. gr. og 46. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, skal fylgja fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þar sem Snögg ehf. hefur ekki farið að ofangreindum fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins þrátt fyrir að fyrirmælin hafi verið ítrekuð þá hefur stofnunin tekið þá ákvörðun að leggja á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 þangað til fyrirtækið uppfyllir lagaskyldur sínar, en sú grein kveður á um það, að ef ákvæði laga nr. 46/1980 eða reglna sem settar eru með stoð í þeim eru brotin og ekki er farið eftir ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins á grundvelli þeirra þá getur stofnunin ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðun beinist að greiði dagsektir þar til farið verður að henni.

Skv. gögnum Vinnueftirlits ríkisins þá starfa 4 starfsmenn hjá Snögg ehf. en fyrirtækið rekur þvottahús og efnalaug.

III. Ákvörðunarorð

„Snögg ehf., kt. 581111-2310 hefur brotið gegn 21. gr. og 26. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum og 10. gr. reglugerðar nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum, með síðari breytingum

Af þeim sökum og með heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, leggur Vinnueftirlit ríkisins dagsektir á Snögg ehf. Skal fyrirtækið greiða kr. 15.000 á dag frá og með næsta degi eftir að fyrirtækinu var tilkynnt sannanlega um þennan úrskurð og þar til fyrirtækið hefur tilkynnt um úrbætur til Vinnueftirlits ríkisins í samræmi við ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins frá 12. júlí 2012.”

Vinnueftirlit ríkisins

Björn Þór Rögnvaldsson

